

Nd. **107. Frumvarp til ættleiðingarlaga.** [96. mál]
(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

I. KAFLI

Veiting ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra, er óska ættleiðingar, að ættleiðing sé barninu til gagns, enda sé það ætlun ættleiðenda að ala upp barnið eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður liggi til ættleiðingar.

3. gr.

Eigi er manni heimilt að ættleiða barn sitt.

4. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem er 25 ára að aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

5. gr.

Hjón skulu bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. málsgl., enda er hjónum einum heimilt að ættleiða saman.

Öðru hjóna má þó veita leyfi til ættleiðingar, ef hitt er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum hógum þess að öðru leyti er svo háttáð, að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Öðru hjóna má og með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

6. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem orðinn er tólf ára, án samþykkis hans. Samþykki skal gefa skriflega, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr.

7. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

Nú hefir annað foreldra eigi forræði barns eða er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess er að öðru leyti svo háttað, að það má eigi láta uppi marktæka yfirlýsingu, og er þá samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleyfi, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 7. gr., enda sé geðrænum högum hans eigi svo háttað, að girði fyrir, að hann geti látið uppi yfirlýsingu, sem mark sé takandi á. Nú er sérstakur lögráðamaður skipaður, og skal þá leita umsagnar hans. Ennfremur skal leita umsagnar barnaverndarnefndar, sem í hlut á.

Nú er sá, sem ættleiða á, í hjúskap, og skal þá leita umsagnar maka hans.

9. gr.

Nú er sá lögræðissviptur, sem ættleiða á, og skal þá leita umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni.

10. gr.

Samþykki til ættleiðingar skal gefa skriflega, og skal viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa.

Samþykki er eigi gilt, nema staðfest sé hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Rita skal á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. málsg., þess efnis, að viðkomandi hafi fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

Samþykki er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingar. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar erlendis, jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni, eða starfsmanni stofnunar hér á landi, sbr. 1. málsg. 10. gr., og má að því leyti heimila frávik frá reglum 1.—3. málsg. 10. gr.

12. gr.

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki, aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefir verið

í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda, eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

Nú hefir barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.

Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

13. gr.

Nú er veitt leyfi til ættleiðingar samkv. 12. gr. án þess að samþykki samkvæmt 7., sbr. 10. gr., liggja fyrir, og skal ráðuneytið þá án tafar skýra þeim aðiljum, sem bærir voru til að samþykkja ættleiðingu, frá leyfi og benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstól.

Réttur aðili getur borið framangreinda ákvörðun dómsmálaráðuneytis undir dómstól, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því að dómsmálaráðuneyti sendi aðilja tilkynningu samkv. 1. málsgr. Stefnaði skal njóta gjafsóknarkjara.

14. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal leiða í ljós, hvort innt hafi verið gjald eða ætlun sé að greiða af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu af hálfu annars hvors aðiljans, og ef svo er, þá hversu hátt gjaldið sé. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta.

Ef ættleiðendum er greitt gjald samkv. 1. málsgr., má binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

II. KAFLI

Lagaáhrif ættleiðingar.

15. gr.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðatengsl kjörbarns og kjörforeldris fer að erfðalögum.

III. KAFLI Niðurfelling ættleiðingar.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef aðili er sviptur lögræði, þarf einnig samþykki lög-ráðamanns.

Nú er kjörbarn ólöggráða, og verður ættleiðing þá eigi niður felld samkvæmt 1. málsg. nema kjörforeldrar og kynforeldrar séu sammála um það, og niðurfelling ættleiðingar verði talin henta best þörfum barns. Ef kjörbarn hefir náð 12 ára aldri, þarf einnig samþykki þess. Samþykkið skal vera skriflegt, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, sbr. 10. gr.

Nú hafa kjörforeldrar látist, og getur dómsmálaráðherra þá samkvæmt ósk kynforeldra fellt niður ættleiðingu, ef þarfir barnsins mæla með því. Nú hefir kjörbarn náð 12 ára aldri, og þarf þá samþykki þess. Um samþykki fer svo sem segir í 3. málslið 2. mgr.

18. gr.

Unnt er að fella ættleiðingu niður með dómi, sbr. 2. málsg., ef kjörforeldri brýtur mjög af sér gagnvart barni eða vanrækir stórlega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, svo og ef telja verður að öðru leyti að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.

Mál til niðurfellingar ættleiðingar samkv. 1. málsg. höfðar kjörbarn. Nú er það ólöggráða, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það getur ekki staðið að málssókn, og höfðar löggráðamaður þá málið eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur það. Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.

19. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda sé hjúskap þeirra eigi lokið.

Unnt er að fella niður ættleiðingu samkvæmt 18. gr. 1. málsg., þótt aðeins annað kjörforeldra hafi sýnt af sér atferli, sem þar greinir.

20. gr.

Nú er barn ættleitt öðru sinni, og fellur þá fyrri ættleiðing niður, sbr. þó 15. gr. 2. málsg.

21. gr.

Nú er ættleiðing felld niður, og falla þá úr gildi lagaáhrif ættleiðingar milli kjörbarns og kjörforeldris og ættmenna kjörforeldris. Þegar sérstaklega stendur á, getur dómstóll, sbr. 18. gr., kveðið svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barnsins.

Nú er ættleiðing felld úr gildi samkvæmt 2. eða 3. málsg. 17. gr., og takast þá að nýju lagatengsl milli barnsins og kynforeldra þess. Ef ættleiðing er felld niður samkvæmt 18. gr., getur dómstóll ákveðið, með hliðsjón af aðdraganda að niðurfellingu ættleiðingar, aldri barns og atvikum að öðru leyti, að lagatengsl barns við kynforeldra og ættmenni þess skuli rakna við.

Kjörbarni er heimilt þrátt fyrir niðurfellinguna að halda kenningarnafni sínu, er það fékk við ættleiðingu, en getur einnig tekið upp fyrri kenningarnafn sitt.

Að öðru leyti veldur niðurfelling ættleiðingar því eigi, að lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakni við.

22. gr.

Dómstóll leitar, ef hægt er, eftir álitum þeirra aðilja, sem skyldu samþykka ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Dómstóll getur þó, ef sérstök rök mæla með, ákveðið, að umsagnar skuli ekki leitað, einkum ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakna við.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um ættleiðingarumsóknir og getur mælt fyrir um sérstök eyðublöð undir þær og um gögn, er þeim skuli fylgja, og um form og efni samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

24. gr.

Heimilt er að ákveða, með samningum við önnur ríki, að ríkisborgurum þeirra ríkja megi eigi veita leyfi til ættleiðingar hér á landi og að ríkisborgarar þeirra verði eigi ættleiddir hér á landi, nema með skilyrðum, sem greind séu í samningi. Slík samningsákvæði geta einnig tekið til niðurfellingar ættleiðingar, ef ríkisborgari frá ríki því, sem samningur er gerður við, á í hlut.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að íslenskir ríkisborgarar verði eigi ættleiddir, nema með nánar tilteknum skilyrðum í ríkjum, sem til eru greind í reglugerð, svo og að íslenskir ríkisborgarar megi því aðeins ættleiða barn í ríkjum þessum, að nánar tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Með hliðstæðum hætti getur dómsmálaráðherra ákveðið, að ættleiðing verði eigi felld niður í tilteknum erlendum ríkjum, svo að réttaráhrif hafi hér á landi, ef ættleiðandi er íslenskur ríkisborgari.

V. KAFLI

Gildistökuákvæði o. fl.

26. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953 um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975 um breytingu á þeim.

27. gr.

Ákvæði 10. gr. á ekki við um samþykki, sem látið er uppi fyrir gildistöku laganna.

Ákvæði III. kafla laganna eiga einnig við um ættleiðingu, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi vorið 1976, en kom ekki til umræðu.

Frumvarpið er samið af sífjalaganefnd að tilhlutun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fylgdi frumvarpinu frá nefndinni svo hljóðandi:

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir sífjalaganefnd samið, og er það þáttur í allsherjarendurskoðun nefndarinnar á íslenskri barnalöggjöf. Í nefndinni eiga sæti: Dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, fyrrv. alþingismaður og Baldur Möller, ráðuneyttisstjóri. Ritari nefndarinnar er frú Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, adjúntk í sífjarétti.

I.

Upp úr 1920 voru lögfest hér á landi öll frv. norrænu samvinnunefndanna um sífjamálefni, nema frv. um ættleiðingu. Var það ekki, fyrr en 1953, að lög voru sett um það efni, og gilda þau enn, þ. e. lög nr. 19/1953. Fram til þess tíma giltu dreifð ákvæði er fest höfðu verið í lögum, auk þess sem beitt var í reynd reglum þeim, sem lögmæltar höfðu verið á Norðurlöndum á þriðja áratug aldarinnar. Á lögum nr. 19/1953 hafa verið gerðar tvennar breytingar. Með lögum nr. 33/1969 var ákvæðinu um aldurstig í sambandi við þörf á samþykki forráðamanna breytt svo, að það var lækkað úr 21 ári í 20 ár og með lögum nr. 58/1975 var heimilað að veita ættleiðingarleyfi, þegar hjón ættleiða saman, ef annað þeirra hefur náð 20 ára aldri, enda séu „sérstakar ástæður“ fyrir hendi.

Ættleiðingarlöggjöf á hinum Norðurlöndum hefur tekið nokkrum stakkaskiptum síðustu ár. Stafa þær breytingar m. a. af tillögum norræna samvinnunefnda, er skiluðu sameiginlegu álitu 1954. Stefndu þær tillögur og síðar lagabreytingar að því að gera ættleiðingu áhrifaríkari að lögum en áður var, einkum í sambandi við erfðatengsl, þ. e. að lögfesta í ríkara mæli en áður hina svonefndu „sterku ættleiðingu“. Þessi viðhorf hafa að nokkru leyti náð fótfestu hér á landi, sbr. 5. gr. erfðalaga og að sínu leyti 7. gr. hjúskaparlaganna frá 1972.

Nýverið hefir ættleiðingarlögum enn verið breytt, sbr. einkum sænsk ættleiðingarlög frá 17. desember 1970, er afnámu m. a. heimild til að fella niður ættleiðingu, nema þegar ný ættleiðing á að fara fram eða þegar hjúskaparstofnun er ráðin milli kjörbarns og kjörforeldris. Dönsk heildarlög um ættleiðingu voru sett 1972 (nr.279). Þau ganga ekki jafn langt í að þrengja kosti til að fella niður ættleiðingu sem hin sænsku lög. Í dönsku lögum er það markverða nýmæli, að heimiluð er ættleiðing, þótt ekki njóti við samþykkis kynforeldris, þegar alveg sérstaklega stendur á, einkum þegar barn elst upp á stofnun og foreldri skiptir sér eigi af því („gleymd börn“). Þá er betur vandað til formreglna um samþykki í nýju lögum en hinum eldri og ýmsum atriðum varðandi samþykki hefir verið skipað að nýju með þeirri löggjöf. Í þessu sambandi má benda á áhugaverða breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögum á árinu 1972. sem felur í sér, að faðir óskilgetins barns geti, ef móðir þess vill veita samþykki til ættleiðingar, óskað þess, að honum verði fengin forráð barns. Metur stjórnvald þá hvor kosturinn sé barni fyrir bestu — að ættleiðing fari fram eða forráð barns séu falin föður. — Er lagt til í 35. gr. frv. til barnalaga, að slíkt ákvæði verði lögfest hér á landi.

Breytingar hafa enn fremur átt sér stað á ættleiðingarlöggjöf utan Norðurlanda á síðustu árum, þ. á m. í Englandi, Hollandi og Frakklandi. Stefnir þróunin í Evrópu að hinni svonefndu „sterku“ eða áhrifaríku ættleiðingu, þ. e. með algerum fjölskylduskriptum, og er þróun vist lengst komin í því efni í Englandi, þar sem ættleiðing hefir m. a. í för með sér, að ríkisfang barns breytist sjálfkrafa við ættleiðingu.

Í stórum dráttum má segja, að svipuð löggjöf gildi hvarvetna á Norðurlöndum um ættleiðingu, en helst skilur á milli, þar sem eru ákvæðin um niðurfellingu ættleiðingar. sem raunar hefir hvarvetna lítið reynt á. Samningar milli Norðurlandarríkja um ættleiðingarmál, sbr. hér á landi lög nr. 29/1931 og viðaukalög nr. 62/1954, stuðla m. a. að samræmdri framkvæmd þessara mála í þeim löndum.

Hinn 24. apríl 1967 var gengið frá sáttmála um ættleiðingu á vegum Evrópuráðs. Í sáttmálanum skuldbinda samningsríkin sig til þess að skipa ættleiðingar-

málum með tilteknum nánar lýstum hætti og haga framkvæmd á vissan veg, en hvorttveggja horfir að því að tryggja hag og rétt barns. Enn fremur eru önnur ákvæði, sem ríkin heita að kanna, hvort unnt sé að lögfesta. Sáttmálinn tekur aðeins til ættleiðingar barns, sem er yngri en 18 ára, er ættleiðing fer fram, eða er ógift og ólöggráða. Er æskilegt að Ísland fullgildi sáttmála þennan. Er ekki annað sýnilegt en að íslensk löggjöf og lagaframkvæmd fullnæggi áskilnaði sáttmála þessa, en við samningu frv. þessa hefir verið tekið tillit til sáttmálans, svo sem síðar verður greint.

II.

Hér á eftir fer skrá um fjölda ættleiðingarleyfa 1904—1974.

Ár	Ættleiðingarleyfi		Barnsfæðingar	Hundraðshluti leyfa miðað við fæðingar
	Meðaltöl á ári	Heildarfjöldi á tímabili		
1904—1908	um 1	6	11 484	
1909—1913	3	15	11 109	
1914—1918	áætl. 5	25	12 029	
1919—1931	10	120	33 923	0.35%
1932—1941	um 15	146	25 200	0.58%
1942—1946	33	165	16 259	1.01%
1947—1951	55	274	19 503	1.60%
1952—1956	um 80	um 400	21 718	1.84%
1957—1961	um 98	489	23 682	2.06%
1962—1966	um 70	353	23 714	1.48%
1967—1971	um 72	359	21 149	1.69%
1972		81	4 584	1.76%
1973		69	4 574	1.50%
1974		77		
1975		91		

Alls 2 670

Sýnt er af þesari skrá, að ættleiðingar fóru mjög í vöxt eftir lok síðar heimstyrjalda og allt til 1960. Eftir það hefir fjöldi ættleiðinga, miðað við heildartölu fæddra barna, staðið í stað, og raunar farið lækkanði. Mestur var fjöldinn bæði að heildartölu og hundraðstölu á árunum 1957—1961. Eftir 1966 hefir ættleiðingarleyfum aftur heldur farið fjölgandi hlutfallslega, en með hundraðstölum er átt við, að fjöldi leyfa er settur í tengsl við árlegan fjölda fæddra barna. Fram undir helmingur af öllum leyfum er veittur á árabílinu 1959—1974. Þegar mest kvað að ættleiðingum hér á landi var rösklega 2% lífandi fæddra barna ráðstafað til ættleiðingar, en hlutfallsleg lækun hefir orðið síðar, sbr. skrána. Mun láta nærri, að ættleiðingar séu á móta tíðar hér á landi og í Svíþjóð hlutfallslega, en nokkru tíðari en í Noregi og nokkru fáttari en í Danmörku.

Bent skal á, að nokkrar félagslegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í sambandi við ættleiðingarleyfi hér á landi, sbr. grein Ármanns Snævarr prófessors í Tímariti lögfræðinga 1959 einkum bls. 73—79 og rit próf. Símonar Jóh. Ágústssonar Um ættleiðingu, 1964. Má m. a. benda á, að rannsóknir þessar leiða í ljós, að fjölskylduættleiðingar, einkum af hálfu stjúpforeldra, eru miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

III.

Helstu breytingar, sem felast í frv.

Hér skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar, sem felast í frv., en í IV. kafla verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess.

1. Í 1. gr. frv. er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi sé gefið út af dómsmálaráðuneyti í umboði forseta Íslands, og mælir 1. gr. svo, að dómsmálaráðherra veiti leyfi þetta.

2. Rétt þykir, að kveðið sé á um það þegar í 2. gr. hverju greinimarki verði beitt, þegar meta skal, hvort ættleiðingarleyfi verði veitt, en nú er ákvæði um þetta í 8. gr. laga nr. 19/1953.

3. Í 3. gr. er lagt til, að lögfest verði sú regla, sem nú er talin gild, að manni sé eigi heimilt að ættleiða barn sitt.

4. Leyfi til ættleiðingar verður nú aðeins veitt þeim, sem er 25 ára að aldri hið minnsta. Hjónum má veita leyfi til að ættleiða barn, þótt yngri séu en 25 ára. ef sérstaklega stendur á, þó svo að þau skulu vera 20 ára að aldri, sbr. lög nr. 58/1975. Er frumvarpsgreinin svipuð, að efnisinntaki. Tekið skal fram, að ákvæði frv. ganga ekki í berhögg við 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

5. Í 7. gr. 1. málgr. frv. er mælt fyrir um þörf á samþykki til ættleiðingar, ef barn er undir 18 ára aldri. Aldursstig þetta var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 breyttu því í 20 ár. Hér er valið aldursstigið 18 ár bæði í samræmi við norrænu ættleiðingarlögin nýju og lagaþróun almennt í sífjarétti. Vegna Norðurlandasamnings um ættleiðingu er mikilvægt, að þessu atriði sé skipað á sama veg í norrænu lögunum. 18 ára aldursstig er að vísu lítið tíðkað í ísl. lögum, en hér stendur sérstaklega á, sbr. t. d. og lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

6. Í 1. málgr. 8. gr. frv. er eigi mælt fyrir um, að leita skuli umsagnar sóknarprest's. Byggt er á, að ráðuneyti leiti oft umsagnar prests eða forstöðumanns safnaðar, en einnig þarf oft á umsögn annarra aðilja að halda, og er lagt til, að ráðuneyti meti þetta atriði hverju sinni. sbr. og 23. gr. frv. Í 2. málgr. 8. gr. er boðið, að leita skuli umsagnar annars hjóna, ef ættleiða á hitt, en í lokamálslið 6. gr. núgildandi laga er áskilið, að samþykki síðarnefnda makans komi til.

7. Í 9. gr. frv. er boðið að leita umsagnar lögráðamanns, ef ættleiða á lögræðisviptan mann, en í 7. gr. ættleiðingarlaga segir, að ættleiðing geti eigi farið fram, þegar svo stendur á, nema samþykki lögráðamanns komi til.

8. Ein af höfuðbreytingum frv. frá gildandi lögum varðar samþykki til ættleiðingar. Í 1. málgr. 10. gr. frv. er áskilið, að það sé skriflegt, sbr. og 6. gr. frv. og staðfesti samþykkjandi yfirlýsingu sína fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneyti lögildir til hessa. Í 2. málgr. 10. gr. er kveðið svo á, að samþykki sé eigi gilt, nema staðfest sé í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega standi á. Með þessu ákvæði er lagt til, að samþykki fyrir fæðingu barns sé eigi gilt að höfuðstefnu til. Í 3. málgr. 10. gr. felst, að samþykkjandi hafi hlotið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar, og er boðið að rita skuli á samþykkisvirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytis eða annars opinbers starfsmanns eða stofnunar um, að slík fræðsla hafi verið látin í té. Er vissulega mikilvægt að tryggja, að fræðsla um þetta efni sé veitt, þar eð lagaáhrif ættleiðingar eru mjög rík. Í 4. málgr. 10. gr. er tekin afstaða til þess, hvort samþykkisvirlýsing, er greinir eigi nafn væntanlegra kjörforeldra („in blanco“ — samþykki) sé gilt. Er það því aðeins gilt samkv. frv., að samþykki lúti að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að lögilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir. Í tengslum við þetta eru svo ákvæði 11. gr. frv., þar sem tekin er afstaða til gildis samþykkisvirlýsingar, sem gefin er erlendis. Orkar ekki tvímælis, að reglur frv. eru tryggilegri um samþykkisvirlýsingu en reglur þær, sem nú gilda.

9. Í 12. gr. 1. málgr. frv. er mælt fyrir um áhrif þess, að samþykki sé tekið aftur, en um það efni eru eigi ákvæði í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Veldur afturköllun á samþykki, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi því almennt, að eigi er hægt að

gefa út leyfið. Undantekning er þó gerð, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarheiðanda eða þegar hagir barns mæla eindregið með því, að það verði ættleitt að öðru leyti og afturköllun þykir eigi styðjast við skynsamleg rök. Þessi síðasti fyrirvari tekur til beggja þeirra tilvika, sem í undantekningarreglunni felast.

10. Í 2. málsg. 12. gr. er nýmæli, sem orðað er á grundvelli nýju ættleiðingarlagna dönsku. Er þar heimilað ef alveg sérstaklega stendur á, að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, þótt samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. gr., sbr. 10. gr. liggi ekki fyrir, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála. Í 3. málsg. er einnig heimiluð ættleiðing. Þótt samþykki réttis aðila sé ekki fengið, ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni, nefndin mælir með þessari skipan og barnaverndarráð fellst á hana. Boðið er í 4. málsg. að leita umsagnar foreldris barns o. fl. Hér eru einkum höfð í huga börn, sem foreldrar vanrækja eða hugsa ekkert um. Oft eru slík börn á stofnunum á vegum barnaverndarnefnda árum saman og sýnast næstum „gleymd“. Ljóst er, að fara verður varlega í að veita ættleiðingareyfi, þegar samþykki er eigi fengið, og jafnframt að búa þarf svo um hnúta, að aðila, sem bær var að samþykkja ættleiðingu, sé veittur kostur á að hera mál undir dómstóla, ef því er að skipta. Eru ákvæði um það efni í 13. gr. frv. Nýtur stefnandi máls gjafsóknarkjara.

11. Um réttaráhrif ættleiðingar segir svo almennt í 15. gr. frv., að kjörbarn öðlist sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög segi annan veg, enda falla þá niður lagatengsl barns og kynforeldris. Er mikilvægt að hafa slíka almenna stefnuýfirlýsingu í lögum, og getur hún haft gildi við einstakar lögskýringar eða skýringar á löggerningum. Til áréttingar er svo ákvæði 16. gr. frv. um foreldraráð, framfærsluskyldu o. fl. Í 2. málsg. 15. gr. segir sérstaklega, að barn, sem stjúpforeldri ættleiði, fái réttarstöðu sem væri það skilgetið barn hjónanna. Í 3. málsg. 15. gr. er mælt fyrir um, að kjörbarn kenni sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir að barn haldi fyrri kenningarnafni. Í 10. gr. ættleiðingarlaga segir hins vegar, að leyfa megi kjörbarni að kenna sig til kjörforeldris. Fer breyting fram á kenningarnafni í öllum þorra tilvika, og er tillaga frv. því raunhæfari en tilhögun 10. gr. laga nr. 19/1953 og sparar fyrirhöfn.

12. Um niðurfellingu ættleiðingar eru ákvæði frv. að mestu hin sömu sem í gildandi lögum, en 16. gr. laga nr. 19/1953 er þó felld niður í frv., sbr. 14 hér á eftir. Í 17. gr. 2. málsg. frv. er veitt svigrúm til að dómsmálaráðherra geti fellt niður ættleiðingu ólöggráða barns, ef slíkt þykir henta best þörfum barns, enda séu kjörforeldrar og kynforeldrar sammála um það, en 14. gr. laga nr. 19/1953 skótur með öllu loku fyrir það. Tekið er fram í 2. málsg. 17. gr. frv., að leita skuli samþykkis barns, sem náð hefir 12 ára aldri til niðurfellingar ættleiðingar samkv. þessari grein. Er það nýmæli. Þá er það nýmæli í 17. gr., að heimilt er að fella niður ættleiðingu, ef kjörforeldrar látast, enda mæli þarfir barns með því. Lát kjörforeldra fellir ekki af sjálfu sér niður áhrif ættleiðingar, en vera má t. d., að ætlunin sé að annað fólk ættleiði barn eða að barn hverfi til kynforeldra. Getur verið heppilegt að hægt sé í slíkum tilvikum að fella ættleiðingu niður.

13. Krafa um niðurfellingu ættleiðingar getur stafað af framkomu og hegðun kjörforeldra. Samkv. 18. gr. frv. getur barn þá höfðað mál fyrir dómstól til niðurfellingar ættleiðingar eða lögráðamaður barns eftir atvikum eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur málshöfðun. Efnislega greinimarkið í 18. gr. 1. málsg. er svipað og í 15. gr. laga nr. 19/1953. Í 19. gr. 2. málsg. er tekið fram, að unnt sé að fella niður ættleiðingu, þótt aðeins annað hjóna hafi sýnt af sér atferli, sem greinir í 1. málsg. 18. gr.

14. Samkv. 16. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 er kjörforeldri heimilt að krefjast niðurfellingar ættleiðingar, ef kjörbarn gerist sekt um illmæli eða ofheldi gagnvart kjörforeldri o. fl. Þessi heimild til niðurfellingar ættleiðingar er ekki í frv. Þykir

eigi réttmætt að veita kjörforeldri þessa heimild. Ættleiðing er áhættusöm — eigi síður en fyrir foreldra að eignast barn — og þá áhættu verða ættleiðendur að taka. Þjóðfélagið verður að krefjast þess, að kjörforeldrar hlíti slæmri framkomu kjörbarns í þeirra garð eigi síður en kynforeldrar hljóta að hlíta samskonar hegðun kynbarns síns.

Ákvæði 2. málgr. 16. gr. laga nr. 19/1953 um þau tilvik, er kjörbarn reynist geðveikt, hálfviti o. fl. er eigi heldur í þessu frv. Þykir eigi réttmætt að kjörforeldri geti losað sig undan foreldraskyldum við barn af þessum sökum með því að fá ættleiðingu fellda úr gildi.

15. Í 20. gr. er tekið fram, að þegar barn sé ættleitt öðru sinni, falli niður fyrri ættleiðing, sbr. þó 15. gr. 2. málgr., þ. e. þegar maki ættleiðir barn (þ. á m. kjörbarn) maka síns. Er þetta nýmæli í frv. Ákvæði 19. gr. laga nr. 19/1953 um, að ættleiðing falli niður, ef kjörforeldri og kjörbarn stofna til hjúskapar, er eigi í frv., enda er þessu efni nú skipað annan veg, með 7. gr. laga nr. 60/1972. Samkv. því girðir ættleiðing fyrir slíkan hjúskap, uns ættleiðing hefir verið úr gildi felld. Byggir frv. á því, að það ákvæði standi til frambúðar.

16. Í 21. gr. frv. eru ákvæði um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé felld niður. Eru réttaráhrifin að mestu hin sömu sem samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953. 21. gr. 1. málgr. frv. heimilar dómstól, er fjallar um mál samkv. 18. gr. frv. að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barns eftir niðurfellingu ættleiðingar. Er það nýmæli. Almenn teldur niðurfelling ættleiðingar því, að lagatengsli milli kynforeldris og kynbarns rakna við, en þó segir um niðurfellingu samkv. 18. gr., að dómstóll meti þetta atriði sérstaklega og geti ákveðið, að tengsl þessi rakni við að nýju. Þá segir almennt, að kjörbarni sé heimilt að kenna sig til kjörforeldris eftir sem áður, en samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953 getur dómsmálaráðuneyti heimilað þetta eða dómstóll. Í 22. gr. segir um umsagnir við meðferð dómsmála, og er það nýmæli.

17. Í IV. kafla frv. er 23. gr. nýmæli, en hún heimilar dómsmálaráðuneyti að setja reglur um ættleiðingarumsóknir og um form og efni samþykkisyfirlýsingar og könnun umsókna. Þá fjallar 24. gr. frv. um samninga við önnur ríki um ættleiðingu af hálfu ríkisborgara þeirra hér á landi eða um ættleiðingu á ríkisborgurum viðkomandi ríkis hér á landi. 25. gr. frv. fjallar að sínu leyti um ættleiðingar af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis eða ættleiðingar á ísl. ríkisborgurum erlendis. Enn fremur um niðurfellingu ættleiðingar, svo að réttaráhrif hafi hér á landi. Er gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum um þetta efni í 25. gr. Þessi ákvæði eru fyllri en ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 19/1953.

IV.

Athugasemdir um einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Fr. er skipt í fjóra meginkafla, en í fimmta kafla eru ákvæði um niðurfelld lög o. fl. Í fyrsta kaflanum eru ákvæði um veitingu ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim. Í öðrum kafla er fjallað um lagaáhrif ættleiðingar, í þriðja kafla um niðurfellingu ættleiðingar og í fjórða kafla eru ýmis ákvæði, þar á meðal um ættleiðingar erlendis á ísl. börnum og ættleiðingu hér á landi á erlendum börnum.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla frv. eru eigi tekin með nokkur ákvæði, sem eru í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Þykir rétt að benda á þau á þessu stigi.

1. Í 1. málgr. 5. gr. ættleiðingarlaga er það ákvæði, að eigi sé öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman, en mjög mun það fágætt, að til greina komi sameiginleg ættleiðing af hálfu annarra en hjóna.

2. Í 2. málgr. 8. gr. er dómsmálaráðuneytinu boðið að leita sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarns. Samkv. 2. gr. frv. er byggt

á því, að framkvæmd sé rækileg athugun af hálfu ráðuneytisins á þessum málefnum og í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytið setji sérstakar reglur um það efni.

3. Fellt er niður það ákvæði í 8. gr. 2. málsg. ættleiðingarlaga, að skylt sé að leita umsagnar sóknarprests. Vafalaust myndi oft verða leitað umsagnar sóknarprests, en ástæðulaust þykir að lögmaela það, enda eru allmargir menn utan trúarsafnaða á landi hér. Hins vegar er haldið því ákvæði að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar.

4. Enn fremur er ákvæði 3. málsg. 8. gr. eigi tekið upp í frv. um persónulega kosti væntanlegs ættleiðanda. Ráðuneytið myndi eigi veita leyfi, nema tryggt þætti að ættleiðendur væru þeim kostum búnir. að forsvaranlegt væri að fela þeim barn til uppeldis og ættleiðingar. Virðist ekki þörf á að greina þá kosti í lögum, enda verða þeir seint fulltaldir.

5. Þá ber enn að benda á, að 4. málsg. 8. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin í frv., en þar segir, að leyfi til ættleiðingar verði eigi veitt, ef ættleiðandi á arfgenga niðja, nema sérstaklega standi á. Þykja eigi vera rök til að halda því ákvæði í lögum, og samrýmist það naumast nútíma viðhorfum í fjölskyldurétti.

6. Í 2. málsg. 10. gr. er boðið að tilkynna skuli viðkomandi prest um ættleiðingu og nafnbreytingu, svo og um niðurfellingu ættleiðingar. Það ákvæði er í 15. gr. 3. málsg. frv.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 getur aðili tekið að sér kjörbarn „með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans“. Fyrir lýðveldisstofnun var leyfi veitt af ráðuneytinu að mandatun. svo sem það var nefnt, en leyfið var konungsleyfi. Ekki þykir ástæða til að halda í þetta fyrirkomulag, enda er það dómsmálaráðherra og starfsmenn hans, sem greiða til hlítar úr umsókn. Leyfi þjóðhöfðingja í einkaréttarmálefnum hafa smám saman tínt tölu á síðustu áratugum og raunar öldum, sbr. t. d. í sambandi við hjúskap. Þykir einsætt að leggja hér til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi séu forsetaleyfi og verði það dómsmálaráðherra, sem veiti leyfi, og forseta eigi getið við það mál. Í reynd er hér eigi um efnisbreytingu að ræða, sem verulegu skipti. Bent er hér einnig á 23. gr. frumvarps.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði svarar til 1. málsg. 8. gr. laga nr. 19/1953, en rétt þykir að skipa þessu grundvallarákvæði, sem mælir fyrir um almennar forsendur fyrir ættleiðingu, hér í upphafi I. kafla. Orðalagi er vikið lítið eitt við, en efnisbreyting er eigi fólgin í ákvæði þessu, miðað við 1. málsg. 8. gr. laga nr. 19/1953.

Um 3. gr.

Í ýmsum ættleiðingarlögum erlendis er tekið af skarið í lagaákvæði, að manni sé óheimilt að ættleiða barn sitt. Telja verður, að sama regla gildi hér á landi, þótt ólögfest sé. Rétt þykir að leggja til, að slík regla verði lögmælt, með því að hún er ein af grundvallarreglunum í ættleiðingarrétti.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar til 1. gr. ættleiðingarlaga, þ. e. þess hluta hennar sem eigi er fjallað um í 1. gr. frv., svo og þeirrar breytingar, sem gerð var á 1. gr. laga nr. 19/1953 með lögum nr. 58/1975. Hér er lagt til, að haldið sé almennt í þann áskilnað, að sá einn geti fengið leyfi til ættleiðingar, sem orðinn er 25 ára gamall, þegar leyfi er veitt.

Ef sérstaklega stendur á, má þó veita leyfi manni, sem orðinn er tvítugur. Ástæðulaust þykir að sérregla sé sett um það efni, er hjón ættleiða saman. Verður heimilt samkv. greininni, ef hún nær lögfestingu, að veita hjónum ættleiðingarleyfi, þegar þau hafa náð tvítugs aldri, þótt hvorugt þeirra sé 25 ára, „ef sérstaklega stendur á“,

enda eru engin rök til þess að gera frekari kröfur til aldurs hjóna í þessu efni en einstaklings, sem fær leyfi til ættleiðingar. Ef þessi grein er lögfest, er lagt til, að lög nr. 58/1975 séu brott felld. Tekið skal fram, að efnisinntak greinarinnar er svipað og í norrænu lögnum, þótt þar sé víðast áskilið, að annað hjóna sé orðið 25 ára. Svo sem fyrr segir, fær 4. gr. frv. samrýmt 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

Um 5. gr.

Hún svarar til 3. og 4. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953, og felast eigi efnislegar breytingar í 5. gr. frv.

Um 6. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. er sama efnis og 5. gr. ættleiðingarlaga. Síðari málsliður felur í sér nýmæli. Þar er mælt svo fyrir, að samþykki barns, sem orðið er 12 ára, þegar ættleiðing fer fram, skuli gefa skriflega og njóti barn leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr. Vissulega ganga stjórnvöld eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé látið uppi skriflega, en rétt þykir að slíkt form verði beinlínis lögfest. Hitt er eigi að síður nauðsynlegt, að barn eða unglingur fái rækilega leiðsögn um lagaáhrif ættleiðingar. Um efnisinntak þeirrar leiðsagnar verður fjallað í athugasemdum við 10. gr. frv.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 1. málsg. 6. gr. ættleiðingarlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 33/1969. 1. gr. Efnislega felst sú ein breyting í 7. gr., að lagt er til, að þörf á samþykki foreldra verði við það hundíð, að barn sé undir 18 ára aldri, en eftir gildandi lögum er þörf á samþykki foreldra, ef barn er undir 20 ára aldri. Það aldursstig var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 tók gildi. Þessi breyting stendur í tengslum við breytt viðhorf manna á síðari árum til löggerningshæfis ungs fólks, sbr. nú síðast breytinguna á hjónavígsluáldri með 1. gr. laga nr. 60/1972, sem ákveður hann 18 ár. Þykir eðlilegt að ákveða aldursstig í sambandi við einhlítt samþykki ungs manns til ættleiðingar á sér með hliðsjón af þessari þróun. Öðrum þræði er og tekið mið af síðustu breytingum ættleiðingarlaganna á Norðurlöndum. Er æskilegt að hafa samræmdar reglur í Norðurlandalögum um þetta efni. Mjög er það fágætt, að unglingur sé ættleiddur á árabílinu 18—20 ára, svo að þessi breyting hefir vafalaust ekki mikið raunhæft gildi. Þótt hún að sínu leyti stuðli að almennri stefnumörkun í sambandi við löggerningshæfni ungra manna.

Um 8. gr.

Þessi grein er að öllu verulegu sama efnis og 2. málsg. 6. gr. ættleiðingarlaga. Ef annað foreldra fer ekki með foreldravald, t. d. vegna þess að það fær eigi forræði barns við skilnað, skal leita umsagnar þess foreldris svo sem nú er, en því er hætt við í frumvarpsgreininni, að þessa sé hó eigi þörf, ef vitrænum högum foreldris sé svo háttáð, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu þess.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjúskap, er boðið í 2. málsg. að leita umsagnar maka hans. Í 6. gr. ættleiðingarlaga er áskilið, að samþykki makans komi til. Hið breytta orðalag felur í sér, að ráðuneyti er ætlað að meta til hlítar umsókn, en andstaða maka þess, sem ættleiða á, hlvti að orka verulega á það mat.

Í greininni er ekki ákvæði, er skyldi ráðherra til að leita umsagnar sóknarprests, sbr. hér áður. Hins vegar er skylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. og 33. gr. laga nr. 53/1966.

Um 9. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. ættleiðingarlaga. Samkv 7. gr. getur ættleiðing eigi farið fram, nem samþykki lögráðamanns komi til. Hér er lagt til, að skylt sé að leita

umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni, en umsögn lögráðamanns bindi þó eigi hendur dómsmálaráðherra, sem metur mál eftir öllum aðstæðum með efnisreglu 2. gr. að leiðarljósi.

Um 10.—13. gr.

Í þessum greinum frv. eru nánari fyriræli um samþykki, form þess og inntak, staðfestingu þess fyrir opinberum starfsmanni, afturköllun samþykkis, svo og ákvæði þess efnis, að þegar sérstaklega standi á megi ættleiðing fara fram, án þess að samþykki þess eða þeirra sé fengið, sem veita skyldu það samkv. almennum reglum um samþykki forráðamanna barns. Er þessara nýmæla getið hér að framan.

Ljóst er, að ættleiðing er mjög örlagaríkur og áhrifaríkur löggerningur, sem varðar mjög hag barns. Verður því að vanda sem best til alls undirbúnings að því, að ættleiðingarleyfi verði látið uppi. Stefna nýmæli frv. að því að treysta vandaða meðferð þessara mála, bæði varðandi form máls og efni. Í því sambandi er þess sérstaklega að geta, að vafasamt er, hvort að forráðamenn barna geri sér ávallt fulla grein fyrir lagaáhrifum ættleiðingar. Er vafalaust þörf á ráðgjöf og leiðsögn vegna þessa, enda sé tryggð sönnun fyrir því, að aðili hafi hlotið slíka leiðsögn. Ýmis vafamál hafa vaknað í lagaframkvæmd út af samþykki til ættleiðingar, m. a. um það, hvort laganauðsyn sé á að nafngreina í samþykkisyfirlýsingu væntanlega ættleiðendur, og enn fremur um það, hvort unnt sé að veita slíkt samþykki, áður en barn fæðist, ef það er ekki staðfest eftir fæðingu barns, svo og um afturköllun samþykkis. Er frv. ætlað að lögfasta reglur, er að þessu líta.

Um 10. gr.

Í 1. málsg. er það nýmæli, að samþykki til ættleiðingar skuli vera skriflegt. Reglur um þetta eru ekki í settum ættleiðingarlögum, en ávallt er gengið eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé skriflegt. Er það raunar hin síðari ár að jafnaði ritað á eyðublað, sem dómsmálaráðuneyti lætur í té, sbr. um það efni 23. gr. frv. Í 1. málsg. 10. gr. er jafnframt boðið, að samþykkisyfirlýsing skuli staðfest fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa. Þetta nýmæli horfir til réttaröryggis. Oft er það einstæð móðir, ung að árum, sem er lögbær til að samþykkja ættleiðingu, og er full ástæða til að áskilja í lögum, að samþykki sé staðfest fyrir opinberum starfsmanni, raunar einnig þótt högum samþykkjanda sé annan veg farið. Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórar yrðu vafalaust löggiltir til þess að staðfesta undirritun, svo og væntanlega t. d. formenn barnaverndarnefndar eða starfsmáður mæðrastyrktarnefndar. Staðfesting á undirritun stendur og í tengslum við það ákvæði 3. málsg., er mælir fyrir um, að samþykkjandi skuli hafa fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Lætur sá aðili slíka leiðsögn uppi, sem greinir í 1. málsg. Ber samkv. 3. málsg. að skrá sérstaklega á samþykkisyfirlýsingu vottorð viðkomandi starfsmanns þess efnis, að samþykkjandi hafi fengið þessa fræðslu. Er með þessu stuðlað að því, að gætt verði ákvæðanna um leiðsögn í lagaframkvæmdinni. Um efni þeirrar fræðslu, sem hér er vikið að, segir það eitt, að hún skuli líta að lagaáhrifum ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Hún á að sjálfsgöðu að vera hlutlæg og verður a. m. k. að verulegu leyti bundin við settar laga-reglur, einkum ákvæði ættleiðingarlaga. Ekki er gert ráð fyrir því, að hér verði um beina ráðgjöf að ræða. Vafalaust er mikil þörf á, að gefið verði út leiðbeiningarrit um ættleiðingar, ætlað almenningi.

Í 2. málsg. greinarinnar er mælt um það hvernig fari um samþykki til ættleiðingar, sem látið er uppi fyrir fæðingu barns. Slíkt samþykki hefir verið talið gilt að ísl. rétti, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Hér er lagt til, að slíkt samþykki sé því aðeins gilt, að það sé staðfest hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns og þá staðfest með þeim hætti, er segir í 1., sbr. 3. málsg. Telja verður að ýmsu leyti varhugavert að byggja á samþykkisyfirlýsingu, sem veitt er fyrir fæðingu. Móðir barns, sem oft

á ein hlut að máli, er þá oft illa á sig komin andlega og stundum líkamlega, haldin kviða og vonleysi og eigi skyggn sem skyldi á tiltæka úrkosti. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess sums staðar í löndum, að samþykkisyfirlýsing fyrir fæðingu barns er að lögum að vettugi virðandi. Hér þykir eðlilegast að áskilja, að staðfesting fari fram á samþykki eigi fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá fæðingu barns, en eigi er skotið loku fyrir að samþykkisyfirlýsing kunni að vera rituð fyrir fæðingu barnsins. Heimilt er þó samkv. 2. málsg. að víkja frá þessu ef alveg sérstaklega stendur á. Er þar t. d. átt við það, að samþykkjandi sé horfinn, geðrænum högum hans sé svo háttað, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu hans eða sérstaklega sé brýnt að ganga frá ættleiðingu vegna brottflutnings ættleiðanda úr landi. Hér vikur öðru vísi við en samkv. 2. málsg. 12. gr., því að hér er gert ráð fyrir, að fyrir liggja frumsamþykki til ættleiðingar, en það skortir á, að staðfesting fáist.

Í 4. málsg. er tekin afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, þar sem væntanlegir ættleiðendur eru eigi nafngreindir í yfirlýsingu („anonyme adoptioner“). Slíkt samþykki hefir verið talið gilt í lagaframkvæmd hér á landi, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Þesskonar ættleiðingar geta verið varhugaverðar, enda er samþykkjanda ógerlegt að meta það mikilvæga atriði, hvort væntanlegir ættleiðendur séu hæfir uppalandur, og hæfir að öðru leyti um að sjá barni vel borgið. Viðhorfið breytist nokkuð, ef það er barnaverndarnefnd eða annar aðili, sem til þessa er löggiltur af ráðuneyti, sem ákveður, hverjir ættleiðendur verði, enda má þá telja öruggt, að slík stofnun hafi sérstaklega kynnt sér þetta efni, áður en ákvörðun er tekin um ættleiðendur. Á þessum sjónarmiðum er 4. málsg. reist. Hún mælir svo, að samþykki sé eigi gilt, ef ættleiðenda sé ógetið, nema þegar samþykki lýtur að ráðstöfun á barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Bent skal á, að hér er vikið að því, að dómsmálaráðuneyti kunni að löggilda aðila til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Er væntanlega orðin þörf á að löggilda slíka aðilja, en milligöngu um þetta efni krefst, ef vel er, bæði þekkingar á lagareglum og m. a. lífsreynslu og mannþekkingar hjá þeim, sem um fjallar. Hefir athygli manna víða um lönd beinst að aðiljum, sem hafa milligöngu um ættleiðingu og starfsemi þeirra. Hér er þess að gæta, að víðast hvar í löndum eru miklu fleiri, sem óska eftir börnum til ættleiðingar, en eiga þessa kost. Er þessu einnig farið svo hér á landi. Reynslan í ýmsum löndum sýnir, að hætt er við, að aðiljar takist á hendur milligöngu fyrir fjárgreiðslur, en á slíku verður að hafa þjóðfélagslegan hemil, þ. á m. með því að þeir einir geti haft milligöngu, sem til þessa eru löggiltir. Þetta málefni er eigi tekið sérstaklega til úrlausnar í frv. þessu, en á það er minnt með ákvæði 4. málsg. 10. gr.

Um 11. gr.

Greinin vikur að samþykkisyfirlýsingum, sem gefnar eru erlendis. Getur ráðherra ákveðið, að samþykki sem veitt er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun erlendis jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun hér á landi. Má að því leyti heimila frávik frá ákvæðum 1.—3. málsg. Ljóst er þó, að samþykki verður að vera skriflegt, og hefir það eigi gildi, nema staðfest sé 3 mánuðum hið fyrsta eftir fæðingu barns. Þá á 4. málsg. 10. gr. alfarið við um slíkar samþykkisyfirlýsingar. Um þetta efni má einnig vísa til 24. gr. frv.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ýmis nýmæli, og er þeirra getið í III hér að framan.

Í 1. málsg. er fjallað um afturköllun á samþykkisyfirlýsingu. Hefir nokkur óvissa ríkt í sífjarétti um mat á því, hvort unnt sé að veita samþykki eftir að slík yfirlýsing hefir verið tekin aftur. Lagt er til í 1. málsg., að afturköllun, sem fram fer áður en ættleiðingarleyfi er veitt, valdi því almennt, að eigi geti orðið af ættleiðingu, og er hér byggt á því, að afturköllun sé kunn dómsmálaráðuneyti, áður en leyfi er gefið út. Ef leyfi er gefið út, þegar svona stendur á, er unnt að fá það ónýtt

með dómi, nema undantekningarreglur 1. málsg. eigi við. Eru þær fólgnar í að heimila ættleiðingu, þótt samþykki sé tekið aftur, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt. Í báðum tilvikum er sleginn við sá varnagli, að afturköllun styðj-ist eigi við skynsamleg rök. Á því er byggt, að þessum undantekningarreglum verði eigi beitt, nema alveg sérstaklega standi á, en eigi þykir varhugavert að leggja mat á þessu í hendur dómsmálaráðherra innan þeirra tiltölulega þröngu marka, sem greind eru í 1. málsg. Afturköllunin getur vissulega stuðst við nánast andfélags- leg sjónarmið og verið mjög gegn hagsmunum barns, og þykir nauðsynlegt að lög- festa þær undantekningarreglur, sem felast í 1. málsg.

Í 2. málsg. er lagt til, að heimiluð verði ættleiðing, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. liggi ekki fyrir, enda standi alveg sérstaklega á og þarfir barns mæla eindregið með því. Skilið er til, að barnaverndarráð fallist á þá skipan mála. Hér eru einkum höfð í huga hin svonefndu „gleymdu börn“, sem oft vistast á stofn- unum án þess að nokkur vandamaður hugsi um þau eða jafn vel vitji þeirra. Í nor- rænum lögum hefir á síðustu árum verið lögfest hliðstætt ákvæði. Ber að leggja áherslu á, að mjög varlega verður að fara í að beita þessari heimild, sbr. orðin „ef alveg sérstaklega stendur á“, í 2. málsg. og orðalagið „ef þarfir barns mæla eindregið með því.“ Áður en barnaverndarráð lætur uppi samþykki sitt myndi ráðið sjálfsgagt leita umsagnar barnaverndarnefndar í umdæmi því, sem um er að ræða.

Ákvæði 3. málsg. er þessu skylt, en þar er sérstaklega vikið að barni, sem barna- verndarnefnd hefir ráðstafað á stofnun eða til fósturs hjá einstaklingi. Má leyfa ættleiðingu þess barns, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilyrðum 2. málsg. Þarf þar á meðal samþykki barnaverndar- ráðs að koma til. Verður það vafalaust fágætt, að heimildum 2. eða 3. málsg. verði beitt, en reynslan á Norðurlöndum hefir sýnt, að rétt sé að hafa slíkar heimildir í lögum.

Í 4. málsg. er boðið að leita skuli umsagnar foreldris, sem láta skyldi uppi sam- þykki samkv. 7. gr., svo og umsagnar foreldris, sem greinir í 8. gr., nema dómsmála- ráðuneyti telji, að varhugavert sé fyrir barnið, að slíkra umsagna sé leitað eða að slíkt valdi skaðsömum drætti á úrlausn máls. Samkv. þessu skal aðeins leitað um- sagnar foreldris, sem hefir forræði barns, en eigi samþykkis þess. Eigi er það greint sérstaklega í ákvæðinu, að ráðuneytið geti sett aðila frest til að skila umsögn. Er vafalaust, að ráðuneytinu er slíkt heimilt án þess að þörf sé á lögmaeltri reglu um það efni.

Um 13. gr.

Í þessari grein er ráðuneytinu boðið að skýra frá því án tafar, ef ættleiðingar- leyfi er látið uppi án þess að samþykki liggi fyrir, sbr. 12. gr. Skal beina tilkynningu til þeirra, sem réttbærir eru til að samþykkja ættleiðingu. Ber að benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstóla. Slíkt mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að dómsmálaráðuneyti sendi aðila tilkynningu, og skal stefnandi njóta gjaf- sóknarkjara og þá m. a. vegna flutnings máls fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 13. gr. er ætlað að stuðla að réttaröryggi, enda er mikilsvert, að búa svo um hnúta, að aðili geti borið mál undir dómstóla. Metur dómstóll þá hvort lagaskil- yrðum sé fullnægt til útgáfu leyfis og getur hnekkst leyfi, ef því er að skipta.

Ljóst er, að unnt er að bera útgáfu ættleiðingarleyfis almennt undir dómstóla, ef því er haldið fram, að ráðuneyti hafi eigi gætt réttra lagaskilyrða við útgáfu leyfis, sbr. 60. gr. stjórnarskrár og t. d. hrd. 1959, bls. 49.

Um 14. gr.

Þessi grein svarar til 9. gr. ættleiðingarlaga. Boðið er að leiða í ljós, hvort innt sé af hendi gjald í tengslum við ættleiðingu eða ætlun sé að gera það og hversu hátt gjald sé, ef því er að skipta. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta

efni. Hér er eigi skotið loku fyrir að ættleiða megi barn, þótt greiðsla komi fram vegna ættleiðingar. Í 2. málsgr. er samskonar ákvæði og nú er í 2. málsgr. 9. gr. um það, er innt er af hendi gjald vegna ættleiðingar, og má þá binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

Um II. kafla, 15. og 16. gr.

Hér er skipað ákvæðum um lagaáhrif ættleiðingar, en þau eru þó eigi tæmandi talin. Ákvæðin fela í sér, að ættleiðing veldur því, að barnið fær yfirleitt sömu réttarstöðu sem væri það skilgetið barn kjörforeldra gagnvart þeim, ættmönnum þeirra og þeim, sem í kjörsifjum eru við ættleiðendur, nema lög mæli annan veg. Frá þeim tíma, er ættleiðing tekur gildi, rofna lagatengsl barns við kynforeldri og ættingja þeirra og þá, sem eru í kjörsifjum við þá. Um foreldravald er þessi regla sérstaklega áréttuð í 16. gr. og einnig um framfærslutengsl. Með 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er þessi regla lögfest varðandi erfðatengsl kjörbarna og kjörforeldris og ættmenna þeirra.

Í ákvæðunum felst, að lagaáhrifin eru einskorðuð og óhjákvæmileg. Geta aðiljar með samþykki dómsmálaráðuneytis engu um ráðið. Hér er því lögfest ættleiðing, sem felur í sér í langflestum samböndum alger fjölskylduskipti að lögum með mjög ríkum réttaráhrifum. Eru ríkisfangslögín meðal örfárra laga, þar sem ættleiðing veldur því ekki af sjálfu sér, að kjörbarn fái sömu réttarstöðu sem skilgetið barn kjörforeldra. Hefir breskum ríkisfangslögum nú verið breytt svo, að ættleidd börn fylgja ríkisfangi ættleiðenda (föður eða móður), og þykir líklegt, að norrænum lögum verði breytt í það horf.

Ákvæði 15. og 16. gr. svara til 10.—12. gr. ættleiðingarlaga. Í 10. gr. segir, að í ættleiðingarleyfi megi ákveða að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris. Nafnskipti fara nálega alltaf fram í lagaframkvæmd. Þykir því raunhæfara að orða ákvæði þetta svo í 3. málsgr. 15. gr., að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris, nema kjörforeldrar óski þess, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Eigi eru ákvæði í frv. um eiginnafrn kjörbarns og heimild til breytingar á því, og þykir rétt, að um það sé fjallað í lögum um mannanöfn.

Í 13. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 segir, að eigi skapist að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris og eigi milli kjörbarna innbyrðis. Sýnt er af ákvæðum 15. og 16. gr. frv., að slíkt ákvæði fær eigi staðist í þessu frv. Minna má raunar á 7. gr. laga nr. 60/1972 í því sambandi og 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Vakin er athygli á, að 2. málsgr. 12. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin með í þessu frv., en ljóst er, að þegar skipað er forræði barns vegna skilnaðar foreldra, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972, er m. a. tekið tillit til þess, að náði samband hafi verið milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 14.—20. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953. Veigamesta breytingin er sú, að samkv. frv. getur það eigi leitt til niðurfellingar ættleiðingar, þótt kjörbarn brjóti af sér gagnvart kjörforeldri, sbr. nú 16. gr. ættleiðingarlaganna. Er það byggt á þeim rökum, að kjörforeldri hljóti að taka þá áhættu, að kjörbarn brjóti af sér gagnvart því og geti foreldraskyldur eigi rofnað við það. Er hér farin svipuð leið í frv. sem í dönsku ættleiðingarlögunum frá 1972. Hins vegar þykir of langt gengið í sænsku ættleiðingarlögunum, sem þrengja til muna meir kosti á niðurfellingu ættleiðingar, svo sem greinir í I að framan. Ýmsar aðrar breytingar felast í ákvæðum þessa kafla frá gildandi lögum. Verður þeirra getið síðar.

Um 17. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 14. gr. ættleiðingarlaga. Samkv. því ákvæði verður ættleiðing ekki felld niður, ef kjörbarn er ólöggráða. Þetta þykir of fortakslaust ákvæði, enda getur barni verið velferðarmál, að ættleiðing sé niður felld. Rétt þykir að heimila niðurfellingu ættleiðingar, ef bæði kjörforeldri og kynforeldri eru á það sátt, þótt barn sé ólöggráða. Jafnframt þykir réttmætt að áskilja, að samþykki barns komi til, ef það hefir náð 12 ára aldri. Felur 17. gr. 2. málsg. frv. í sér nokkru sveigjanlegri tilhögun en er samkv. 14. gr. ættleiðingarlaga.

Þótt kjörforeldrar látist, fellur ættleiðing ekki niður af sjálfu sér. Barni getur verið hagsmunamál, að ættleiðing sé formlega niður felld, er svo stendur á, t. d. í því skyni að gera það kleift að ættleiðing fari fram af hálfu annarra aðilja. Samkv. 3. málsg. er lagt til, að ættleiðing verði felld niður, þegar svo stendur á, samkv. ósk kynforeldra. Einnig í þessu tilviki er áskilið samþykki kjörbarns, ef það hefir náð 12 ára aldri.

Í 3. málsg. 17. gr. er nýmæli, sem heimilar dómsmálaráðherra að fella niður ættleiðingu, þegar kjörforeldrar hafa látist, enda óski kynforeldrar eftir því og þarfir barns mæla með því. Einnig í þessu sambandi þarf samþykki barns, sem náð hefir 12 ára aldri. Ákvæði þetta er orðað hér að danskri fyrirmynd. Við andlát ættleiðenda fellur ættleiðing sem slík eigi niður. Getur því þurft t. d. að koma til ný ættleiðing á barni.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er að öllu verulegu sama efnis sem 15. gr. ættleiðingarlaga. Nokkur tilvik, sem greind eru í 15. gr. eru eigi tekin með í 18. gr., en þau koma undir orðalagið, „að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.“ Engir tímafrestir eru orðaðir í sambandi við höfðun dómsmáls samkv. greininni, og þess er eigi getið sérstaklega, að afstaða barns, sem orðið er 12 ára, skipti hér sérstöku máli. Tekið er fram, að stefnandi í héraði njóti gjafsóknarkjara, og gilda þau kjör einnig um kostnað af áfrýjun máls, ef því er að skipta.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður á um áhrif niðurfellingar á ættleiðingu gagnvart kjörforeldrum. Svarar hún til 17. gr. ættleiðingarlaga, en er nokkuð annars efnis.

Í 1. málsg. segir, að niðurfelling ættleiðingar, sem hjón standi að sameiginlega, taki til þeirra beggja, ef hjúskap sé ólokið. Á þetta einnig við í því tilviki, er aðeins annað hjóna brýtur af sér gagnvart barni, sbr. 1. málsg. 18. gr., og er þetta áréttað með 2. málsg. 19. gr. Að visu mætti hreyfa því að þegar svo stendur á, ætti að vera heimilt að fella niður ættleiðingu gagnvart öðru hjóna, en hún héldist gagnvart hinu. Þetta myndi þó vafalítið gefast illa, ef hjón væru samvistum, af uppeldislegum ástæðum auk þess sem lagafækjur gætu af því stafað. Heimilt er að slita ættleiðingu, svo að það hafi aðeins áhrif gagnvart öðru hjóna, ef hjúskap ættleiðenda er slitið, hvort sem það er vegna andláts maka, ógildingar hjúskapar eða lögskilnaðar. Mæla lagarök með því að slík málalok séu heimil.

Um 20. gr.

Oft er ættleiðing að formi niður felld, áður en til nýrrar ættleiðingar kemur, sbr. athugasemdir við 3. málsg. 17. gr. Ef þessu fer eigi fram, er sýnilegt, að yngri ættleiðing gengur fyrir hinn eldri, enda séu báðar gildar að lögum. Sérstök viðhorf gilda um það, er stjúi eða stjupa ættleiða kjörbarn maka síns, en við það haggast vitaskuld ekki fyrri ættleiðing. Minna má hér almennt á ákvæði 3. málsg. 5. gr.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er fjallað um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé niðurfelld a) gagnvart kjörforeldrum, sbr. 1. málsg. og b) gagnvart kynforeldrum, sbr. 2. málsg. Greinin samsvarar 20. gr. ættleiðingarlaga.

Niðurfelling ættleiðingar veldur því, að lagaáhrif hennar gagnvart kjörbarni og kjörforeldri og ættmönnum kjörforeldris falla niður, en dómstól er þó heimilt að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu kjörbarns, ef sérstaklega stendur á. Er þetta nýmæli í 1. málsg. 21. gr., og er heppilegt að hafa slíka heimild í lögum, þótt væntalega verði henni sjaldan beitt.

Niðurfelling ættleiðingar samkv. 17. gr. 1. málsg. veldur því ekki, að laga tengsl milli barns og kynforeldris takist að nýju, sbr. 4. málsg. 21. gr., en hinsvegar takast tengsl þessi, ef ættleiðing er felld niður samkv. 2. eða 3. málsg. 17. gr. Ef ættleiðing er felld niður með stoð í 18. gr., getur dómstóll ákveðið, að laga tengsl milli kynforeldra barns og ættmenna rakni við að nýju. Þessar reglur, sem hér er lagt til að lögfestar verði með norræn lög að fyrirmynd, víkja nokkuð frá gildandi lögum, sbr. lok 20. gr. ættleiðingarlaga. Er hér greint milli ýmissa tilvika frekar en gert er í 20. gr.

Í 3. málsg. er kjörbarni heimilað að kenna sig til kjörforeldra og halda því kenningarnafni, sem það fékk við ættleiðingu þótt ættleiðing sé niður felld, en jafnframt segir, að barni sé heimilt að taka upp fyrra kenningarnafn. Hér er lagt til, að þetta mál sé alfarið háð mati barnsins sjálfs, og þar þurfi ekki að koma til leyfi ráðuneytis eða úrlausn dómstóls. Er ákvæðið því nokkuð breytt frá því, sem nú er í 20. gr. laga 19/1953. Þykir eðlilegt að ætla barninu sjálfu að meta þetta mál, og er ekki ástæða til að áskilja leyfi ráðuneytisins. Ljóst er, að barn verður að taka skjótlega afstöðu til þessa máls eftir að ættleiðing er niður felld, svo og að tilkynna verður presti (þjóðskrá) um nafnbreytingu.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um skyldu dómstóls til að leita álits þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Er það ákvæði sama efnis og 18. gr. ættleiðingarlaga. Í síðara málslið 22. gr. segir, að dómstóll geti ákveðið, ef sérstök rök mæli með því, að umsagnar skuli ekki leitað. Á það einkum við, ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl milli barns og kynforeldra og annarra ættmenna rakna við að nýju. Síðari málsliður er nýmæli, en vænta má þess, að því undantekningarákvæði verði sjaldan beitt.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um reglur, er dómsmálaráðuneyti setur varðandi ættleiðingarumsóknir, form og efni þeirra og samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

Að undanfögnu hefir það tíðkast, að umsóknir um ættleiðingu eru ritaðar á sérstök eyðublöð, er dómsmálaráðuneyti leggur til, svo og samþykkisyfirlýsingar. Er þar og greint, hver fylgigögn skuli vera með umsókn. Í 23. gr. er gert ráð fyrir, að um þetta verði settar sérstakar reglur, þ. á m. að skilt sé að rita umsókn og samþykkisyfirlýsingu á þar til gerð eyðublöð. Er það til öryggis, að slíkt form sé á haft.

Þá er m. a. mælt fyrir um það í greininni, að reglur verði settar um könnun á umsóknum, einkum varðandi hagi barnsins, foreldra þess og væntanlegra kjörforeldra. Þarf vissulega að vanda til þeirrar könnunar, jafn orlagarík sem ættleiðing er eða getur verið. Er mikilvægt að afla upplýsinga frá vandamönnum og þeim, er vel þekkja til haga aðilja, og að viðhöfð sé könnun á heimilisaðstæðum hjá væntanlegum kjörforeldrum og leidd séu í ljós atriði, sem varða mat á uppeldis-

hæfni þeirra og hæfni til að sjá vel borgið hag barnsins, þ. á m. um það, hvort kjörforeldrar séu reglusamt fólk, er þúi við skipulegan fjárhag, heilbrigð andlega og líkamlega og óspillt að siðferði. Oftast myndi barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar kanna heimilisaðstæður og er þarflegt einnig að fá umsögn sóknarprests eða forstöðumanns safnaðar um slík efni, en fleiri koma hér til greina, svo sem fyrr segir. Er hyggilegra að setja reglur um þetta efni í stjórnvaldsreglum en í lagatexta.

Svo sem fyrr segir, er gert ráð fyrir því, að sá, er samþykkir ættleiðingu, fái fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og lagagildi samþykkisyfirlýsingar, sbr. 10. gr. 2. málsg. frv. Mætti setja reglur um það efni af hálfu ráðuneytis eftir að nokkur reynsla er fengin um vinnubrögð við slíka fræðslustarfsemi. Hér skal og minnt á það, er fyrr segir um nauðsyn á útgáfu fræðslurits um ættleiðingu, sem æskilegt væri að ráðuneytið beitti sér fyrir, að samið yrði og þá eftir atvikum í samráði við barnaverndarráð.

Í 23. gr. er eigi fjallað sérstaklega um félagsráðgjöf í sambandi við ættleiðingu. Svo sem fyrr segir, er eigi vikið að henni beinlínis með ákvæði 3. málsg. 10. gr., frv. Vakin er athygli á, að vafalaust er þörf á slíkri ráðgjöf, en ætla má, að nú sé hún mest í höndum barnaverndarnefndar (Félagsmálastofnunar) og mæðrastyrksnefndar í Reykjavík og barnaverndarnefnda víða um land. Ráðgjöf varðandi mat á því, hvort ráðlagt sé að ráðstafa barni til ættleiðingar, er ótvírætt mikið vandaverk. Þarf í stærri kaupstöðum landsins að hyggja að því að koma á fót ráðgjafarstofnunum, er fjalla um fjölskyldumálefni yfirleitt, eða styrkja til muna þær stofnanir, sem fyrir eru og gætu hugsanlega annað því verkefni.

Um 24. og 25. gr.

Þessar greinar fjalla um ættleiðingu á erlendum ríkisborgurum hér á landi og ættleiðingu af hálfu erlendra ríkisborgara hér á landi, svo og um ættleiðingu á íslenskum ríkisborgurum erlendis og ættleiðingu af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis. Þá er einnig fjallað um gildi niðurfellingar á ættleiðingu. Ákvæði greinanna svara til 21. og 22. gr. ættleiðingarlagaga og eru að öllu verulegu sama efnis sem þær.

Um 26. gr.

Veitir ekki tilefni til athugasemda.

Um 27. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að ákvæði 10. gr. um form og staðfestingu á samþykkisyfirlýsingu taki ekki til samþykkis, sem látið sé uppi fyrir gildistöku laganna. Hins vegar segir og, að ákvæði III. kafla um niðurfellingu ættleiðingar taki m. a. til ættleiðinga, sem til hefir verið stofnað fyrir gildistöku laganna.

Tekið skal fram, að ætla má að af hálfu utanríkisráðuneytis muni verða til þess stofnað, að sáttmáli Evrópuráðs um ættleiðingu frá 14. desember 1967 verði fullgiltur af Íslands hálfu nú á næstunni.